

Morgunverðarfundir um menntun innflytjenda í kjölfar Hringþings um menntun innflytjenda

– Samantekt mennta- og menningarmálaráðuneytis



Fjallað var um stöðu og framtíð menntamála innflytjenda á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu á opnu þingi sem haldið var í Rúgbrauðsgerðinni í Reykjavík 14. september 2012. Rúmlega 200 manns tóku þátt í Hringþinginu.

Helsta markmið þingsins var að skapa samræðuvettvang þeirra fjölmörgu sem koma að menntamálum innflytjenda. Leitað var áhlits þinggesta á forgangsröðun verkefna við þróun þessara mála og rætt hver skuli vera helstu forgagnsverkefni á sviði menntamála innflytjenda. Á þinginu voru einnig kynnt áhugaverð og hagnýt verkefni sem tengjast menntamálum innflytjenda í framkvæmdaáætlun, sem mótuð verður á næstu misserum. Kynnt voru fjölmörg áhugaverð og hagnýt verkefni sem tengjast menntamálum innflytjenda á öllum skólastigum og athyglisverðar hringborðsumræður voru um orðræðuna í samfélaginu gagnvart innflytjendum. Einnig voru áhugaverðar hringborðsumræður um kennaramenntun fyrir kennslu innflytjenda. Þinggestir voru virkir allan daginn og fram kom mikil ánægja meðal þeirra um að fá tækifæri að koma sjónarmiðum á framfæri um helstu úrlausnarefni á þessu sviði og jafnframt fá tækifæri til að kynnst ýmsum þróunarverkefnum.

Að þinginu stóðu: Innflytjendaráð, velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Fjölmenningssetur, Tungumálatorg, Háskóli Íslands, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Samband íslenskra sveitarfélaga.

- Hægt er að nálgast ýmislegt efni frá þinginu og myndir á vef þingsins, <http://tungumalatorg.is/hringthing> og þar er einnig hægt að horfa á upptöku frá hluta þingsins.

Morgunverðarfundir um menntun innflytjenda

Í kjölfar Hring þingsins hélt hópurinn sem sá um undirbúning þingsins áfram störfum. Í hópnum voru Björk Óttarsdóttir, Elsa Arnardóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Guðni Olgeirsson, Guðrún Á Sigurðardóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir. Hópurinn fór yfir helstu niðurstöður þingsins og taldi hann rétt að halda umræðunni áfram. Ákveðið var að halda fjóra morgunverðarfundi vorið 2013 með eftirfarandi yfirskrift.

1. **Öflug náms- og starfsfræðsla, brú milli grunn- og framhaldsskóla og leiðir til að tryggja aðgengi innflytjenda að fjölbreyttu framhaldsskólanámi og vinna gegn brotthvarfi. (Um 50 manns)**
2. **Virkt tvítýngi - íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna (Um 70 manns)**
3. **Góð menntun er gulls ígildi - Innflytjendur með takmarkaða formlega menntun (um 30 manns)**
4. **Þjónusta sérfræðinga við nemendur með íslensku sem annað tungumál, (um 50 manns)**

Morgunverðarfundirnir voru allir haldnir á Grand hótél og þóttu allir takast mjög vel og voru vel sóttir. Á öllum fundunum var reynt að fjalla um menntun innflytjenda á fleiri ein einu skólastigi og gefa þátttakendum tækifæri að taka þátt í umræðum og koma með fyrirspurnir. Fundirnir voru haldnir 6. apríl, 3. maí, 21. maí og 13. júní. Samband íslenskra sveitarfélaga sá um að taka erindi morgunverðarfunanna upp og hafa beina útsendingu á netinu sem ýmsir nýttu sér. Einnig voru öll erindin gerð aðgengileg á heimasíðu Sambandsins og þar er hægt að horfa og hlusta á þau, sjá. <http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/>. Þar eru einnig munnlegar samantektir á hverjum fundi fyrir sig.

Dagskrá fundanna:

1. **Öflug náms- og starfsfræðsla, brú milli grunn- og framhaldsskóla og leiðir til að tryggja aðgengi innflytjenda að fjölbreyttu framhaldsskólanámi og vinna gegn brotthvarfi. (Um 50 manns). Fundarstjóri, Björk Óttarsdóttir**
 - [Sjónarhorn grunnskóla: Kristín Jóhannesdóttir](#) skólastjóri Fellaskóla
 - [Sjónarhorn framhaldsskóla: Dagbjört L. Kjartansdóttir](#), Fjölbautaskólanum í Breiðholti
 - [Stuðningur við nemendur í MR með íslensku sem annað mál: Guðjón Ragnar Jónasson](#) framhaldsskólakennari
 - [Erlendir nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi á Íslandi: Hafdís Garðarsdóttir](#),
 - [Samantekt og slit: Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri fjölskyldusviðs Akraness](#)
2. **Virkt tvítýngi - íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna (Um 70 manns). Fundarstjóri, Guðni Olgeirsson**

- [Tvítýngi og fjöltyngi, ávinningur fyrir einstakling og samfélag:](#) Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnisstjóri fjölmennningar í leikskólum Reykjavíkur
- [Tvítýngi og fjöltyngi í framhaldsskóla](#) – sjónarhorn framhaldsskólanemenda: Fulltrúar frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla: Úlfar Snær Arnarson, kennslustjóri nýbúa í FÁ og fulltrúar nemenda við skólann, Ekaterina Tkacheva og Nam Van Vien.
- [Íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál](#) - leikskólinn. Söguskjóður - foreldratengt verkefni: Helga Björt Möller, kennsluráðgjafi á Dalvík.
- [Móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna](#) - sjónarhorn foreldra: Renata Emilsson Pesková frá samtökunum Móðurmál.
- [Samantekt og slit:](#) Ingibjörg Einarsdóttir, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

3. Góð menntun er gulls ígildi - Innflytjendur með takmarkaða formlega menntun (um 30 manns). Fundarstjóri, Björk Óttarsdóttir

- [Hvernig má koma til móts við ólæsa/óskrifandi íslenskunemendur, með litla formlega skólagöngu?](#) Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir og
- [Hvernig má koma til móts við ólæsa/óskrifandi nemendur með litla formlega skólagöngu?](#) Nína Magnúsdóttir, Mímir-Símenntun.
- [Er hægt að kenna fullorðnum að lesa á öðru tungumáli en móðurmálinu?](#) Ingibjörg Hafstað, Fjölmenningu.
- [Af hverju er svona erfitt fyrir Taílandinga að læra íslensku?](#) Andrea Sompit Siengboon fjallar um reynslu sína af því að kenna ólæsum Taílandingum íslensku.
- [Hvernig á að mæta þeim einstaklingum sem ekki hafa aðgengi að námskeiðum?](#) Elsa Arnardóttir, Fjölmenningarsetri
- [Innflytjendur með litla formlega menntun og Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt.](#) Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun
- [Samantekt og slit.](#) Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

4. Þjónusta sérfræðinga við nemendur með íslensku sem annað tungumál, (um 50 manns). Fundarstjóri, Hulda Karen Daníelsdóttir

Kennsluráðgjafar á grunnskólastigi og ráðgjafar á leikskólastigi, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingar, talmeinafræðingar, félagsráðgjafar og kennarar og skólastjórnendur af öllum skólastigum.

- [Grunnnám fyrir verðandi túlka af erlendum uppruna.](#) Angelica Cantú Davila, verkefnastjóri túlkaþjónustu, InterCultural Island.
- [Staðan og framtíðarsýn - nýbúabraut Tækniskólans frá sjónarhorni náms- og starfsráðgjafa.](#) Sigurjóna Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Tækniskólanum.
- [Kennsluráðgjafinn og nemendur með íslensku sem annað tungumál.](#) Krístrún Sigurjónsdóttir, deildarstjóri og kennsluráðgjafi, Hafnarfirði.
- [Virka hefðbundin matstæki á nemendur með íslensku sem annað tungumál?](#) Guðlaug Snorradóttir, deildarstjóri o.fl. fulltrúar Álfhólsskóla, Kópavogi.
- [Spurningar úr sal](#)
- [Samantekt og slit.](#) Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík.

Almennt um morgunverðarfundina

Á þessum fjórum morgunverðarfundum voru alls haldin 17 erindi um menntun innflytjenda á öllum skólastigum og af þessum erindum að dæma þá er mikil gróska í þessum málaflokki hér á landi, bæði í leik-, grunn- og framhaldsskólum og einnig í fullorðinsfræðslu og ráðgjöf og stuðning við skólasamfélagið. Kynnt var t.d. starf í fjórum framhaldsskólum, þ.e.

Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Tækniskólanum og Menntaskólanum í Reykjavík. Kynnt voru þrjú grunnskólaverkefni, þ.e. í Fellaskóla í Reykjavík, Álfhólsskóla í Kópavogi og Lækjarskóla og grunnskólum Hafnarfjarðar. Einnig voru kynnt nokkur verkefni á leikskólastiginu og fjallað um ýmis verkefni í fullorðinsfræðslu og á vegum Fjölmenningarseturs, Námsmatsstofnunar og fleiri aðila. Einnig kynntu samtökin Móðurmál ýmsar hugmyndir um móðurmálskennslu og aðferðir við að viðhalda móðurmáli.

Það vakti sérstaka athygli hversu margvísleg verkefni og þjónusta er til staðar hér á landi vegna menntunar innflytjenda á öllum skólastigum en það kom vel fram á þessum fundum samvinna er ekki mikil á milli skólastiga og lítil vitneskja er til staðar um verkefni sem unnin eru á öðrum skólastigum. Kennarar á ólíkum skólastigum vinna ekki saman að þróun kennsluhátta eða skipulagi námsframboðs og kennsluráðgjöf og stuðningur er mjög mismunandi eftir skólastigum og landsvæðum. Einnig er engin samræmd stefna til varðandi móðurmálskennslu eða mat og viðurkenningu á móðurmáli, en ýmsar hugmyndir komu fram um frekari þróun á því sviði. Vakin var athygli á þeim sérstaka vanda fullorðinna innflytjenda með takmarkaða menntun frá fjarlægum málsvæðum, það getur reynst vandasamt fyrir þá að ná tókum á íslensku og aðlagast íslensku samfélagi. Einnig kom fram þó nokkur gagnrýni á fyrirkomulag og skipan íslenskuprófs vegna íslensks ríkisborgararéttar sem Námsmatsstofnun annast fyrir ríkið.

Að loknum síðasta morgunverðarfundinum var ætlunin að stofna félag kennsluráðgjafa á öllum skólastigum sem sinna menntun innflytjenda og talið var mikilvægt að vinna betur saman á öllum skólastigum við að þróa kennsluhætti, útfæra og aðlaga námsgögn og að mikilvægt væri að brúa bilið á milli skólastiga með góðri náms- og starfsráðgjöf.

Talið var mikilvægt að samhæfa betur þjónustu menntakerfisins við innflytjendur og setja aðgerðaáætlun af hálfu stjórnvalda í samstarfi við hagsmunaaðila til að byggja upp heildstæða menntun og þjónustu við þennan sívaxandi hóp innflytjenda á öllum skólastigum. Hvetja þurfi t.d. fleiri framhaldsskóla til að taka við nemendum, auka samstarf kennara á öllum skólastigum, þróa betur náms- og starfsráðgjöf, kennsluráðgjöf og íslenskukennsluna á öllum stigum. Einnig þarf að stuðla með raunhæfum aðgerðum að virku tvítyngi með stuðningi við móðurmálskennslu og foreldra.

Sérstakar samantektir.

Morgunverðarfundur um virkt tvítyngi 3. maí.

Samantekt: Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Allir frummælendur lögðu út frá því mikilvæga viðfangsefni að það sé nauðsynlegt að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Öllum þurfi að vera ljóst að meginforsenda þess að nemendur með annað tungumál en íslensku verði virkir þátttakendur í samfélagi lýðræðis-og jafnréttis sé að ná hæfni í íslensku. En það þarf greinilega að auka samstarf á ýmsum sviðum, rækta gagnkvæma virðingu allra þegna samfélagsins og reyna að styðja og styrkja máluppeldi hvor sem er í skólum eða á heimilum. Þar koma líka til viðhorf sem mætti víða bæta.

Fríða Bjarney Jónsdóttir nefndi erindi sitt Tvítyngi og fjöltyngi og lagði áherslu á mikilvægi máluppeldis í leikskólum en þar er einmitt máltökuskeiðið og hvergi á einstaklingsmiðuð kennsla betur við. Þar læra börn á annan hátt, gjarnan í gegnum leikinn og hún lagði mikla áherslu á viðhorfin, við megum ekki líta svo á að við séum að laga börnin og lækna þau eins og hallalíkanið bendir á. Hún vitnaði í grein Birnu Arnbjörnsdóttur frá árinu 2000 og sennilega á flest enn við í dag sem þar kom fram. Kennarar verða að trúá á eigin getu og þeir þurfa líka að trúá því að allir geti lært. Allir þurfa að vera stoltir af menningu sinni og móðurmáli um leið og börn efla færni sína í íslensku.

Úlfar Snær Arnarson, kennslustjóri nýbúa í FÁ kynnti í upphafi starfið í skólanum og gerði grein fyrir samsetningu nemenda en þar eru 98 nýbúar frá 30 löndum. Hann fékk fundargesti til að velta fyrir sér spurningunni *Hverjir eru tvítyngdir?* Og hvatti gesti til að ræða það áfram á sínum vinnustað.

Hann nefndi ýmsar kennsluáðferðir og máli sínu til stuðnings sýndi hann myndband sem gaf fólki innsýn inn í starfið. Hann kynnti tvo nemendur sína af erlendu bergi og þau ávörpuðu fundinn á íslensku.

Helga Björt Möller, kennsluráðgjafi á Dalvík kynnti Söguskjóðuna, foreldratengt verkefni sem hún hefur verið að þróa í sinni heimabyggð. Hún sagði frá hugmyndafræði Söguskjóðunnar og sýndi afrakstur vinnunnar með foreldrum leikskólabarna á Dalvík. Hún taldi stuðning og viðhorf foreldra vera það sem skipti sköpum í máluppeldinu og því mikilvægt að ná til foreldra og virkja þá. En það er átaksverkefni og komið hefur í ljós að það er mun erfiðara að ná til fedra en það er næsta verkefni.

Renata Emilsson Pesková frá samtökunum Móðurmál flutti síðasta erindi sem byggðist á sjónarhorni foreldra barna af erlendu bergi. Renata er tékknesk og flutti mál sitt á einstaklega fallegri íslensku. Hún kom víða við, benti m.a. á að fjöldi tungumála í Íslandi væri 100 og árið 2012 voru grunnskólanemendur með annað tungumál en íslensku 2.663.

Renata kynnti samtökin Móðurmál sem eru samtök foreldra tvítyngdra barna og hafa starfað óformlega frá 1994 en voru formlega stofnuð 2001.

Hún kom í lokin með tillögur til úrbóta sem finna má hér á síðunni á glærum frá henni. Í öllum erindunum kom fram að það þyrfti að stefna að virku tvítyngi og oft snerist þetta um viðhorf og virðingu fyrir móðurmáli allra einstaklinga. Jákvæð áhrif tvítyngis á nám og vitsmunafroska kæmu betur í ljós þegar báðum tungumálum væri viðhaldið og lokaorðin voru því að það þyrfti að auka skilning samfélagsins á að stuðningur við öll móðurmál barna væri það sem skilaði mestum árangri.

Morgunverðarfundur 31. Maí um einstaklinga með litla menntun.

Samantekt: Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Ísland

Það var afar áhugavert að hlusta á sérfræðingana sem leitað hafa ýmissa leiða til að kenna ólæsum innflytjendum íslensku. Það sem einkum vakti athygli mína er að sú nálgun gengur ekki að setja fólk undir hattinn „ólæsir“ og ætla að kenna þeim með sömu aðferðum. Margir eru læsir á eigið letur þó þeir séu ólæsir á latneskt letur og reynslan sýnir að þeim gengur betur að læra að lesa nýtt letur. Annar hópur eru líka þeir sem eru ólæsir á eigið tungumál, hvort sem er á latneskt eða annað letur, vegna lesblindu eða athyglisbrests.

Það er gleðilegt að heyra að unnið sé að námsskrá fyrir ólæsa innflytjendur því þá verða námskeiðin ódýrari og aðgengilegri. Hins vegar er ljóst að meira þarf til en nokkurra vikna námskeið, aðgengi að þeim er einnig mismunandi eftir því hvar einstaklingurinn er búsettur og kennslan er ekki sniðin að þörfum hvers og eins. Mér virðist augljóst að mun markvissari kennslu er þörf um mun lengri tíma en nú býðst og að kennsla í öðru tungumáli á móðurmáli viðkomandi nemanda (t.d. að thailenskumælandi kennari kenni Thailendingum íslensku) er æskilegust. Sama gildir og um lestrarnám, árangursríkast er að kenna ólæsum að lesa á eigin móðurmáli. Annað sem einnig er mikilvægt er að kenna þau orð sem nýtast einstaklingnum í daglegu lífi, óþarfi að kenna fólk orð sem það hefur ekki not fyrir. Þá hafa ýmsar óhefðbundnar aðferðir verið notaðar við lestrarkennslu, t.d. táknmyndir sem talkennarar nota fyrir börn með málgalla.

Sú hugmynd að taka við innflytjendum á móttökumiðstöð og meta t.d. færni þeirra til að læra íslensku svo finna megi þeim nám við hæfi hljómar mjög vel.

Annað sem mér fannst eins og rauður þráður í orðum allra fyrirlesara; það þarf að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur og skyggast bak við þá staðreynd að hann talar ekki íslensku og er jafnvel ólæs. Hann þarf styrkingar og hvatningar við.

Það er jákvætt að reynt hafi verið að koma til móts við ólæsa einstaklinga við framkvæmd íslenskuprófa fyrir ríkisborgararétt með því að sleppa skriflega hlutanum og leggja aukið vægi á hlustun og talað mál. Hins vegar óttast ég að það verði aldrei unnt að tryggja jafnræði allra sem taka prófin, að allir sitji við sama borð. Þeir sem tala germönsk mál standa best að vígi, ólæsir, þeir sem læsir eru á annað letur, lesblindir, fólk með málgalla og aðrir hljóta því alltaf að vera verr settir. Þá er sama hversu aðgengileg og jafnvel auðveld prófin eru, þau munu alltaf reynast ákveðnum hópum erfiðari viðfangs en öðrum.

Morgunverðarfundur þann 13. júní. Þjónusta sérfræðinga við nemendur með íslensku sem annað tungumál,

Fjallað var um morgunverðarfundinn þann 13. júní í Speglinum þann 14. júní. Hlusta má á þá umfjöllun á vef Rúv. <http://www.ruv.is/sarpurinn/pegillinn/14062013-1>